

# Barnaskólinn Reykjavík

Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna



## Þú átt val fyrir barnið þitt

Barnaskólinn í Reykjavík  
Nauthólsvegi 87  
101 Reykjavík

555-7910  
barnaskolinnrvk@hjalli.is  
bskrvk.hjalli.is

„Í Barnaskólanum í Reykjavík eru bekkirnir litlir þannig að hver nemandi fær mikla athygli og alúð, fær tækifæri til að þroska styrkleika sína og hefur tómt og næði til að læra. Andrúmsloftið er hlýlegt og afslappað sem skilar sér í góðri líðan og hegðun barnanna. Mikið listnám og útivera ásamt fjölbreyttu námsúrvali gerir hvern dag ánægjulegan og spennandi. Það er gott að horfa á eftir litlu ljósunum okkar hlaupa glöð inn í skólann sinn á hverjum degi og hlakka til!“

– Sólveig Arnarsdóttir, Hjallamma

## Um Barnaskólann í Reykjavík

Barnaskólinn í Reykjavík hefur verið rekinn í tíu ár af Hjallastefnunni og er staðsettur að Nauthólsvegi við rætur Öskjuhlíðar. Skólinn hefur verið í mikilli þróun frá byrjun þar sem markmiðið hefur alltaf verið skýrt; að vinna með styrkleika hvers barns fyrir sig þannig að persónuleiki, greind og hæfileikar þroskist eins og kostur er samfara því að jafnréttis- og lýðræðisvitund barnsins styrkist og eflist.

„Við höfum átt tvær stúlkur í Barnaskólanum og sú þriðja er mætt galvösk til leiks. Við teljum okkur einstaklega heppin að hafa kynnst starfi skólans og að þær hafi fengið tækifæri til að verja þessum dýrmætu árum þar, umvafðar kærleika, réttisýni og endalausri gleði með lífið og tilveruna. Takk fyrir okkur.“

– Þórdís Heiða Kristjánsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason, Hjallaforeldrar



## Hvernig sæki ég um fyrir barnið mitt?

Umsókn í skólann er á heimasíðu Barnaskólans í Reykjavík [bskrvk.hjalli.is](http://bskrvk.hjalli.is), undir umsóknir.

## Um Hjallastefnuna

Hjallastefnan var stofnuð árið 1999 af Margréti Pálu Ólafsdóttur. Hjallastefnan byggir á íslensku hugviti og er margverðlaunuð bæði á Íslandi og erlendis. Hjallastefnan býður upp á þrjá barnaskóla á höfuðborgarsvæðinu fyrir börn á aldrinum fimm til tólf ára.

Barnaskólarnir byggja á hugsjónum Hjallastefnunnar sem snúast um persónuþroska hvers barns. Hugmyndafræði Hjallastefnunnar á grunnskólastigi er í fullum samhljómi við lög um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla.



Hjallastefnan

## Brautir

Hlutverk Hjallastefnukennarans er að gefa styrkleikum hvers barns gaum og hjálpa því að ná árangri með sínum persónulega styrk. Börnin velja sér námsbrautir til þess að þau fái tækifæri til að vinna enn dýpra í þeim greindarþáttum sem eru ríkjandi hjá hverju þeirra. Brautirnar eru fimm, þ.e. sviðslistir, sjónlistir, handverk, tónlist og íþróttir og velja þau sér tvær brautir á vetri, þ.e. eina á haustönn og eina á vorönn. Mikið úrval sérfræðinga hefur komið að brautarkennslunni frá upphafi og fara börnin í aldurs- og kynjablönduðum hópum í brautir tvisvar í viku.

## Skapandi smiðjur

Skapandi nám tengir upplifun og uppgötvanir sem ala af sér nýjar tengingar og viðhorf. Í skapandi ferli fer fram sjálfskoðun þar sem ferðalagið er gjarnan mikilvægara en áfangastaðurinn. Skapandi námi, s.s. list- og verkgreinum, er gert hátt undir höfði í Barnaskólanum. List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum og fara öll börn tvisvar í viku í fjórar vikur í senn í handverk, tónlist og myndlist. Smiðjurnar eru kenndar á haust- og vorönn.



## Frelsi í kennsluháttum

Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að börn sitji ekki of lengi við með tilliti til úthalds og einbeitingar. Kennarar Barnaskólans leggja því mikla áherslu á að hvert og eitt barn nýti sér þá vinnustillingu og staðsetningu sem hentar best. Hámarksathygli eykur líkurnar á því að barn bæti við þekkingu sína, kunnáttu og hæfni. Við höldum því ótraud áfram í Barnaskólanum að stuðla að fjölbreyttu og viðeigandi vinnuumhverfi sem leiðir til vellíðunar og árangurs.



## Jóga

Í Hjallastefnunni tölum við um „að kjarna sig“ sem þýðir að vera í kjarnanum sínum, tengja sig og finna sig aftur. Börnin fá einn jógatíma í viku en jóga er bæði styrkjandi og liðkandi, það hefur róandi áhrif á börnin og eflir núvítund þeirra.



## Íþróttir og sund

Íþróttir eru stundaðar í Valsheimilinu einu sinni í viku með fjölbreyttum æfingum og boltafimi. Skólasundið fer fram í Sundhöll Reykjavíkur og fara öll börn í sund á haust- eða vorönn. Fimm ára börnin fara á sundnámskeið í sumarbyrjun.


## Námsárangur

Það er gaman að segja frá því að drengir og stúlkur standa jafnt að vígi í bóklegu námi við Barnaskólann í Reykjavík enda hafa niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. bekk staðfest það. Almennt hafa nemendur skólans staðið sig einstaklega vel á þeim prófum og þess má geta að Barnaskólabörnin okkar hafa verið með þeim hæstu á landinu síðastliðin ár.



## Skólaföt

Skólafötin og notkun þeirra af hálfu barna og kennara er sáraeinföld leið til að jafna stöðu barna og tryggja að ekki verði til óréttlát samkeppni sem hefur áhrif á líðan barna. Fötin skapa skemmtilega liðsheild og samkennd, draga úr áhyggjum barna yfir að finu fötin skemmist í skólanum og þess í stað eru þau alltaf í þægilegum fötum.



## Matur

Hjá Hjallastefnunni bjóðum við upp á fjölbreytt og hollt fæði sem mætir orkuþörf barnanna. Við leitumst við að nota hreinar og ferskar matvörur og er allur matur búinn til frá grunni. Við leggjum áherslu á að koma til móts við sérþarfir t.d. vegna ofnæmis, lífsstíls eða trúarbragða.

